



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 443

Minningarsjóður um Guðrúnu Bergsveinsdóttur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 443

Minningarsjóður um Guðrúnu Bergsveinsdóttur

Formáli

Guðrún Bergsveinsdóttir fæddist 20. mars 1921 og lést 7. júní 1945, þá 24 ára og varð öllum harmdauði. Foreldrar hennar voru Bergsveinn Jónsson, umsjónarmaður Sundhallarinnar og Guðrún Jóhannsdóttir, skáldkona, frá Brautarholti. Guðrún giftist 22 ára Jóni Halldórssyni trésmíðameistara, og eignuðust þau eina dóttir, sem lifði móður sína.

Móðir Guðrúnar orti ljóðið *Barnið mitt* til Rúnu þegar hún var litíð og birtist það í ljóðabókinni „Tómstundir“ og er síðasta erindi þess:

Ég bið þig, Guð minn góði,
að geyma barnið mitt,
svo því um lífeins leiðir,
œ lýsi nafnið þitt.
Bið ekki um frægð, né frama,
né fegurð, auð né þrjálf,
en, Guð minn,
þínar gjafir það geymi í hreinni sál.

Guðrún starfaði mikið sem skáti eða allt þar til hún lést. Um skeið var hún félagsforingi kvenskáta enda var skátafélagsskapurinn hennar áhugamál. Eftir andlát hennar ákváðu foreldrar hennar og eiginmaður að stofna minningarsjóð í nafni hennar og var skipulagsskrá hans samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu árið 1946. Tilgangur sjóðsins var að afla innbús í stofu kvenskáta. Í gegnum 42 ár var það fámennur en sterkur hópur sem aflaði sjóðnum tekna. Seld voru minningarspjöld og haldinn árlegur fjáröflunardagur. Fyrst með kaffisölu í skátaheimilinu við Snorrabraut og síðar í Lídó og Hótel Sögu. Það má segja að hafi verið fyrstu kaffidagar fjölskyldunnar með skemmtiatriðum þar sem ýmsir kunnir skemmtikraftar komu fram. Seinna voru haldnir kökubasarar og flóamarkaðir.

Árið 1956 var veitt fyrst úr sjóðnum en þá voru keypt húsgögn í stjórnarherbergi kvenskátafélags Reykjavíkur. Síðar var ákveðið að geta húsgögn í öll nýju skátaheimilin í Reykjavík. Á árunum 1967-1980 fengu eftirtalin skátafélög húsgögn í heimili sín: Garðbúar, Dalbúar, Hamrabúar, Landnemar, Skjöldungar, Urðarkettir og Ægisbúar.

Lokagjöf sjóðsins var þegar Skátasamband Reykjavíkur flutti í nýjan sal á Snorrabrautinni þann 2. nóvember 1987. Þá afhenti Ingibjörg Bergsveinsdóttir f.h. Minningarsjóðsins, Skáta sambandi Reykjavíkur húsgögn í þann sal. Píanó og píanóbekk. Eitthundrað bólstraða stóla og tuttugu borð, íslenska húsmuni frá Kristjáni Sigurgeirssyni. Með því framfylgdi sjóðurinn 4. gr. skipulagsskrár, en þar segir meðal annars. Stofan skal búin góðum íslenskum húsmunum ásamt hljóðfæri, sem til gagns megi vera fyrir skáta. Einnig fylgdi veggklukka. Gjafir þessar voru einnar miljöna krónu virði.

Minningarsjóðurinn var lagður niður formlega 1. febrúar 1992 þar sem hann hafði lokið upphaflegu hlutverki sínum. Síðustu eignum sjóðsins var ráðstafar til kaupa á skógarplöntum sem gróðursettar voru við Úlfjótuvatna, þar sem skátaskólinn hefur aðsetur sitt. Skógarlundurinn ber nafnið *Vigdísarlundur* til heiður þáverandi forseta Vigdísar Finnbogadóttur.

Skjalasafn Minningarsjóðsins er heillegt og í því eru skipulagsskrá, sýnishorn af minningarkortum á ýmsum tímum, skrár yfir seld minningarkort, ræður, gjafir í minningarsjóðinn, ýmis skjöl um Guðrúnu og fleira.

Formáli: Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður.

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Grafskrif vegna jarðarfarar Frú Guðrúnar Bergsveinsdóttur og kort Minningarsjóðs Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Örk 2

Samúðarskeyti og kort vegna andláts Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Örk 3

Ljóð ort í orðastað móður eftir Guðrúnu Stefánsdóttur frá Fagraskógi.

Örk 4

Staðfesting á að skiptaréttinum hafi verið tilkynnt andlát Guðrúnar Bergsveinsdóttur og auglýsing fyrir jarðarför Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Örk 5

Staðfesting forseta Íslands að staðfestingu skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur dagsett 7. maí 1946.

Örk 6

Listi yfir gefendur í Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Örk 7

Kynning Ingibjargar Bergsveinsdóttur fyrir kvenskátum minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur og fyrirhugaðan kaffidag í Lídó 8. mars 1973 til styrktar sjóðnum. Ræða Ingibjargar Bergsveinsdóttur flutt við lokagjöf sjóðsins.

Örk 8

Skjöl sem staðfesta að Minningarsjóður um Guðrúnu Bergsveinsdóttur var lagður niður 2. apríl 1992.

Örk 9

Boðskort frá Bandalagi Íslenskra skáta að vera við móttöku menntamálaráðherra í tilefni að 75 ára afmæli bandalagsins.

Gildisblaðið *Bálið* málgagn St.Georgs gildanna á Íslandi 2.tbl. 1990.

Þrjár stílabækur þar sem færðar eru inn gjafir í Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Minningarorð um Guðrúnu Bergsveinsdóttur úr *Ljósberanum*, ljósrít.

Þrjár sjóðbækur sem færðar voru í gjafir í Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

Karton með myndum af minningarkorti sjóðsins.

Skráð í desember 2010,
Bergþóra Annasdóttir